

8. stjórnarfundur EBAK miðvikudaginn 4. okt. 2023 kl. 16.

Mætt voru: Karl Erlendsson formaður, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Valgerður Jónsdóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson, Þóra Hjaltadóttir, Helgi Aðalsteinsson og Margrét Marvinsdóttir. Fjarverandi voru Margrét Alfreðsdóttir og Elín Antonsdóttir.

Formaður setti fund kl 16.00

1. Félagaskráin og úthringingar

Farið yfir hvernig hafi gengið hjá stjórnarfólki að ná sambandi við félagsmenn og fá umbeðnar upplýsingar. Flestum hefur gengið vel. Stefnt að því að klára þetta fyrir næstu áramót.

2. Kjarahópur EBAK

Fundurinn 20.9 í Naustaskóla gekk vel og mæting góð. Kjaramálahópurinn hefur fundað nokkrum sinnum að undanförnu og er að leggja drög að aðgerðaráætlun fram á næsta vor. Könnun fer fram aðallega á netinu á næstunni meðal félagsmanna EBAK nú í október og ýmislegt fl. er á döfinni. Lýst var ánægju með störf hópsins hingað til. Karl Erlendsson skýrði frá fundi í Reykjavík sl. mánudag um kjaramál eldri borgara.

3. Könnun

Karl Erlendsson fór yfir efni fyrirhugaðrar könnunar sem fer út á næstu dögum til félagsmanna.

4. Skemmtinefnd

Óskað hefur verið eftir að fjölgað verði í skemmtinefnd og felur stjórnin skrifstofustjóra að vinna áfram að málinu.

5. Námskeiðahald

Óskað hefur verið eftir að sett verði upp kynning á ýmsum hagnýtum tölvu- og símamálum fyrir eldri borgara.

6. Auglýsingar

Rætt var um hvernig bregðast skuli við óskum frá einstaklingum um að auglýsa námskeið þeirra á heimasíðu EBAK. Samþykkt var að fara varlega í þeim efnum.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 8. nóv. kl. 16:00

Fleira ekki gert og fundi slitið 17:30

Fundargerð ritaði Karl Guðmundsson

Karl Guðmundsson
Karl Guðmundsson
Karl Guðmundsson
Karl Guðmundsson
Karl Guðmundsson
Karl Guðmundsson